






## Íslensk húsgögn



25  
ára  
1994  
2019



Samtök  
iðnaðarins



# Íslensk húsgögn í öndvegi

Íslensk húsgagnaframleiðsla var í miklum blóma á tímabilinu 1950 til 1975 eða allt þar til innflutningur húsgagna var gefinn frjáls og enn leynast víða húsgögn frá þeim tíma. Á þessum árum einkenndist íslenskur húsgagnaiðnaður af mörgum smáum fyrirtækjum en á árinu 1972 voru hátt í 300 fyrirtæki starfandi í þeim iðnaði. Húsgagna- og innanhússarkitektar stofnuðu með sér samtök árið 1955 til að auka útflutning framleiðslu sinnar og taka þátt í sýningum erlendis. Stofnendur voru einungis átta en félagsmönnum fjölgaði hratt og voru þeir orðnir hátt í 90 um aldamótin. Um tíma streymdu erlend húsgögn á markaðinn og dró þá verulega úr allri framleiðslu hér á landi.

Á síðustu árum hefur vegur íslenskrar hönnunar og húsgagnaframleiðslu vaxið að nýju. Fjölmargir hönnuðir og framleiðendur hafa í gegnum tíðina komið fram með nýstárleg húsgögn sem hafa notið mikilla vinsælda. Í mörgum tilvikum er um að ræða húsgögn sem öðlast hafa ákveðinn sess hjá landsmönnum.

Framsækni hefur einkennt hönnun og framleiðslu íslenskra húsgagna þegar nýr efniviður hefur verið notaður, nýstárleg form, ný áklæði eða húsgögnin mótuð á nýjan hátt. Það getur verið langur vegur frá fyrstu hugmynd og teikningu hönnuðar og þar til húsgagnið hefur verið smíðað. En þegar handverk og hönnun fara vel saman tekst oft að skapa ný viðmið sem geta haft áhrif á margar kynslóðir.

Mikilvægur áfangi í sögu íslenskrar húsgagnahönnunar og húsgagna-smíði er innsetning íslenskra húsgagna í suðurstofu Bessastaða. Á Bessastöðum eru húsgögn sem koma víða frá og mörg húsgagnanna eiga sér langa sögu, jafnvel sögu sem talin er í árhundruðum. En einnig er þar að finna nýrri smíði og má þar meðal annars nefna hillur í bókhöllu Bessastaða hannaðar af Sveini Kjarval og smíðaðar hér á landi. Við val á húsgögnum í suðurstofu Bessastaða var haft í huga að blandað væri saman samtímahönnun og eldri hönnun til að sýna þá miklu fjölbreytni sem einkennir íslensk húsgögn.

Samtök iðnaðarins hafa haft frumkvæði að því að íslensk húsgögn verði sýnileg á Bessastöðum í samvinnu við Hönnunarmiðstöð Íslands þar sem gestum gefst kostur á að sjá íslenska hönnun og handbragð íslenskrar framleiðslu stillt upp á fallegan hátt. Íva Rut Viðarsdóttir, innanhússarkitekt, valdi húsgögnin að þessu sinni og skipulagði rýmið í suðurstofunni.



## Dímon

Dímon sófi og stóll eru hannaðir af Erlu Sólveigu Óskarsdóttur og framleiddir hjá Á. Guðmundsson. Fyrirtækið hóf framleiðslu á Dímon árið 2016. Sófinn og stólarnir eru framleiddir ýmist með stálfótum eða viðarfótum auk þess sem hægt er að fá húsgögnin annaðhvort með leður- eða tauáklæð.




## Spíss

Sófaborðið Spíss er hannað af Erlu Sólveigu Óskarsdóttur. Það er Á. Guðmundsson sem smíðar sófaborðin eftir þöntun í nokkrum útfærslum, ýmist með viðarfótum eða stálfótum.



# Skata

Stóllinn Skata er hannaður af Halldóri Hjálmarssyni, húsgagna- og innanhússarkitekt (1927–2019), og framleiddur hjá Random Ark. Skata er fyrsti formbeygði stóllinn sem er framleiddur á Íslandi og í raun elsti stóllinn sem er fjöldaframleiddur hér á landi. Nýstárlegum tæknilausnum og ljóðrænum tilvísunum í íslenska náttúru er blandað saman í stólnum. Skatan er fáanleg í ýmsum viðartegundum og litum.





## Marmo

Marmo innskotsborðið er hannað af Ólöfu Jakobínu Ernudóttur og er um frumgerð að ræða. Plata innskotsborðsins er úr hvítum carrara-marmara og fæturnir úr pólýhúðuðu stáli. Marmarinn sem á sér aldagamla og ríkulega sögu og hefur blandast þannig nútímalegri iðnaðaráferð stálsins.

## Kjarval




Stóllinn Kjarval er hannaður af Sveini Kjarval (1919–1981) og framleiddur fyrir Epal. Stóllinn sem var hannaður árið 1962 var upphaflega hannaður fyrir Kaffi Tröð sem var fjölsótt kaffihús í Austurstræti. Stóllinn er gerður úr eik og hægt er að velja um tauáklæði, leður eða kálfskinn.



# Sindri

Stóllinn Sindri er hannaður af Ásgeiri Einarssyni (1927–2001). Stóllinn sem var hannaður 1962 var vinsæll seint á sjöunda áratugnum en var um árabil ófáanlegur. Sólóhúsgögn sjá um að smíða stálgrindina undir stólinn, lkan sem er bátasmiðja og frumkvöðlasetur steypir skelina, Feldur framleiðir gærurnar og G.Á. húsgögn annast bólstrun og samsetningu. Stóllinn er klæddur með íslenskri gæru í öllum litum. Hann er einnig fáanlegur með geitarskinni eða íslensku roði.





25  
āra  
1994  
2019



Samtök  
iðnaðarins